

Nd.

273. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Frá minni hl. launamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt. Við undirritaðir nefndarmenn teljum eigi unnt að fækka prestum nálægt því eins mikið og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og leggjum auk þess til, að prestum verði fjölgað í Rvík um 2. Neyddumst við því til að kljúfa nefndina.

Á móti þeirri fjölgun presta, sem við leggjum til frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, kemur aftur það, að við viljum láta prestana annast barnafræðsluna í minnstu prestaköllum endurgjaldslaust, og spara þannig laun barnakennara á þeim stöðum. Lúta að því britt. við 7. gr.

Leggjum við til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll:

1. *Útskálar*: Útskála, Hvalsness og Keflavíkur sóknir.
2. *Staður í Grindavík*: Staðar og Kirkjuvogs sóknir.
3. *Garðar á Álftanesi*: Kálfatjarnar, Hafnarfjarðar og Bessastaða sóknir.
4. *Mosfell í Mosfellssveit*: Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar (á Kjalarnesi) og Reynivalla sóknir.
5. *Akranes*: Garða og Innrahólms sóknir.
6. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd*: Saurbæjar og Leirár sóknir.
7. *Reykholt*: Reykhólts, Stóraáss, Gilsbakka, Síðumúla, Norðtungu og Hjarðarholts sóknir.
8. *Hestur*: Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitja sóknir.
9. *Borg*: Borgar, Álftaness, Álftartungu, Stafholts og Hvamms sóknir.
10. *Staðarhraun*: Staðarhrauns, Akra, Rauðamels og Kolbeinsstaða sóknir.
11. *Staðarstaður*: Staðarstaðar, Búða, Hellna og Miklahólts sóknir.
12. *Ólafsvík*: Ólafsvíkur, Fróðár og Ingjaldshóls sóknir.
13. *Setberg*: Sethergssókn.
14. *Helgafell*: Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnar sóknir.
15. *Breiðabólsstaður á Skógarströnd*: Breiðabólsstaðar og Narfeyrar sóknir.
16. *Kvennabrekka*: Snóksdals, Sauðafells, Stóra-Vatnshorns og Hjarðarholts sóknir.
17. *Hvammur í Hvammssveit*: Hvamms, Staðarfells og Dagverðarness sóknir.
18. *Staðarhóll*: Staðarhóls, Skarðs og Garpsdals sóknir.
19. *Staður á Reykjanesi*: Staðar, Reykhóla og Gufudals sóknir.
20. *Brjánslækur*: Brjánslækjar, Haga, Flateyjar og Skálmanesmúla sóknir.
21. *Sauðlauksdalur*: Sauðlauksdals, Breiðavíkur og Saurbæjar sóknir.
22. *Egrar*: Eyra og Stóra-Laugardals sóknir.
23. *Bildudalur*: Bildudals og Selárdals sóknir.
24. *Rafnseyri*: Rafnseyrar og Álftamýrar sóknir.
25. *Dýrafjörður*: Sanda, Hrauns, Mýra og Núps sóknir.
26. *Holt í Önundarfirði*: Hólts, Flateyrar, Kirkjubóls og Sæbóls sóknir.
27. *Staður í Súgandafirði*: Staðarsókn í Súgandafirði.
28. *Ísafjörður*.
29. *Bolungavík og Hólssókn*.
30. *Ögurþing*: Ögur og Eyrar sóknir.
31. *Vatnsfjörður*: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdals sóknir.
32. *Staður í Grunnavík*: Staðar og Furufjarðar sóknir.
33. *Staður í Aðalvík*: Staðar og Hesteyrar sóknir.
34. *Árnes*: Árnessókn.
35. *Staður í Steingrímsfirði*: Staðar, Kaldrananess, Fells og Kollafjarðarness sóknir.

36. *Prestsbakki*: Prestsbakka, Óspakseyrar og Staðar sóknir.
37. *Melstaður*: Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núps sóknir.
38. *Breiðabólstaður*: Breiðabólstaðar, Tjarnar, Vesturhópshóla og Víðidalstungu sóknir.
39. *Steinnes*: Undirfells, Þingeyra og Blönduóss sóknir.
40. *Æsustaðir*: Holtastaða, Bólstaðarhlíðar, Bergsstaða, Svinavatns og Auðkúlu sóknir.
41. *Skagaströnd*: Höskuldsstaða, Spákonufells og Hofs sóknir.
42. *Hvammur í Laxárdal*: Hvamms og Ketu sóknir.
43. *Sauðárkrókur*: Sauðárkróks, Reynistaðar, Glaumbæjar og Rípur sóknir.
44. *Mælifell*: Viðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjar sóknir.
45. *Miklibær*: Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar og Hofstaða sóknir.
46. *Hólar*: Hofs, Viðvikur og Hóla sóknir.
47. *Barð í Fljótum*: Barðs, Fells og Knappsstaða sóknir.
48. *Grimsey*: Miðgarðssókn í Grimsey.
49. *Síglufförður*: Hvanneyrar sókn.
50. *Ólafsfjörður*: Ólafsfjarðar sókn.
51. *Vellir í Svarfaðardal*: Valla, Tjarna, Urða, Upsa, Hriseyjar og Stóra-Árskógs sóknir.
52. *Möðruvellir*: Möðruvalla, Bægisár, Bakka og Glæsibæjar sóknir.
53. *Akureyri*: Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir.
54. *Grundarþing*: Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla og Hóla sóknir.
55. *Laufás*: Svalbarðs, Laufáss, Grenivíkur og Þönglabakka sóknir.
56. *Vatnsendi*: Illugastaða, Háls, Ljósavatns, Þóroddsstaða og Draflastaða sóknir.
57. *Skútustaðir*: Skútustaða, Reykjahlíðar, Þverár, Einarstaða og Lundarbrekku sóknir.
58. *Húsavík*: Grenjaðarstaðar, Ness og Húsavíkur sóknir.
59. *Skinnastaðir*: Garðs, Skinnastaða, Presthóla og Víðihóls sóknir.
60. *Svalbarð í Distilfirði*: Svalbarðs, Sauðaness og Raufarhafnar sóknir.
61. *Skeggjastaðir*: Skeggjastaða sókn.
62. *Hof í Vopnafirði*: Hofs og Vopnafjarðar sóknir.
63. *Kirkjubær*: Kirkjubæjar, Hjaltastaða, Eiða, Hofteigs og Möðrudals sóknir.
64. *Desjarmýri*: Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkur sóknir.
65. *Vallanes*: Vallaness, Þingmúla, Valþjófsstaðar og Áss sóknir.
66. *Dvergasteinn*: Vestdalseyrar og Klippsstaða sóknir.
67. *Mjóífförður*: Brekku sókn.
68. *Neskaupstaður*: Ness sókn.
69. *Eskifjörður*: Hólma og Eskifjarðar sóknir.
70. *Kolfreyjustaður*: Kolfreyjustaðar og Búða sóknir.
71. *Eydalir*: Eydala og Stöðvar sóknir.
72. *Hof í Álftafirði*: Hofs, Djúpavogs, Berufjarðar og Beruness sóknir.
73. *Bjarnanes*: Bjarnaness, Stafafells og Brunnhóls sóknir.

74. *Eydalir*: Eydala og Stöðvar sóknir.
 75. *Sandfell*: Sandfells og Hofs sóknir.
 76. *Prestsbakki*: Prestshakka og Kálfafells sóknir.
 77. *Þykkvabær*: Þykkvabæjar, Langholts og Grafar sóknir.
 78. *Vík*: Reynis, Skeiðflatar og Víkur sóknir.
 79. *Holt undir Eyjafjöllum*: Eyvindarhóla, Ásólfskála, Stóradals og Kross sóknir.
 80. *Breiðabólsstaður í Fljótshlíð*: Breiðabólsstaðar, Hlíðarenda, Sigluvíkur og Akureyjar sóknir.
 81. *Oddi*: Odda, Stórólshvols og Keldna sóknir.
 82. *Skarð*: Skarðs, Haga og Marteinstungu sóknir.
 83. *Kálfholt*: Kálfholts, Árbæjar og Háþéjar sóknir.
 84. *Vestmannaeyjar*: Vestmannaeyja sókn.
 85. *Stokkseyri*: Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjar sóknir.
 86. *Hraungerði*: Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholts sóknir.
 87. *Arnarbæli*: Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandar sóknir.
 88. *Þingvellir*: Þingvalla sókn.
 89. *Mosfell í Grímsnesi*: Mosfells, Miðdals, Klausturhóla, Búrfells og Úlfjótswatns sóknir.
 90. *Torfastaðir*: Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar, Skálholts og Tungufells sóknir.
 91. *Stórinúpur*: Stóranúps, Hrepphóla, Hruna og Ólafsvalla sóknir.
 - 92.—95. *Reykjavík*: Skipt í 4 prestaköll.
- II. Við 2. gr. Greinin fellur burt og greinatalan breytist samkvæmt því.
- III. Við 7. gr., sem verður 6. gr. Greinin orðist svo:
- Sóknarprestar skulu jafnframt vera barnakennarar, án sérstakra launa fyrir það starf, á þessum stöðum: Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, Setbergi, Breiðabólsstað á Skógarstönd, Bildudal, Stað í Súgandafirði, Bolungavík, Stað í Aðalvík, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grimsey, Ólafsfirði, Skeggjastöðum, Mójafirði, Neskaupstað, Sandfelli, Kálfholti og Þingvöllum.
- Presturinn að Hólum í Hjaltadal skal kenna eina námsgrein, jafnaðarlega islenzku, við bændaskólann á Hólum, án sérstakra launa.
- Presturinn á Þingvöllum skal jafnframt vera umsjónarmaður Þingvalla, án sérstakrar greiðslu fyrir það starf, en nauðsynleg aðstoð sé honum í té látn. Ríkisstjórnin skipar þann prest án kosningar safnaðar.

Alþingi, 31. marz 1936.

Guðbr. Ísberg,
frsm.

Jón Pálmason.